



0 ALMENNT

Í þessu Rb-blaði er fjallað um dagstofur íbúða. Ekki er fjallað um dagstofur á stofnunum og í sérbylum (t.d. fatlaðra) þótt hafa megi blaðið til hliðsjónar í slíkum tilvikum. Þó ætti alltaf að hanna dagstofur þannig að þær henti einnig hreyfihömluðum. Hér er einungis um viðmiðun að ræða og lágmarksstærðir.

1 HÖNNUNARFORSENDUR

1.1 Helstu atriði

Við hönnun dagstofu þarf að hafa ýmsa notkunarmöguleika í huga, t.d. möguleika á breytingum, jafnvel stækkun eða minnkun eftir þörfum hverju sinni og breytingu á lífsmynstri fólks. Markmiðið er að í hverri íbúð sé a.m.k. eitt herbergi (rými) til samveru allrar fjölskyldunnar.

Stórum dagstofum má skipta í tvo eða fleiri hluta t.d. sameiginlega dagstofu og svo leikrými í tengslum við barnaherbergi eða föndurherbergi. Stundum er eldhús í beinum tengslum við dagstofu og stundum er hluti dagstofu ætlaður fyrir arinstofu. Þannig má nýta dagstofu á ýmsan máta, á sama tíma, án þess að óþægindi skapist.

Í litlum íbúðum getur verið hentugt að útbúa fellirúm í dagstofu til að spara gólfpláss og auka nýtingarmöguleika rýmisins.

Varðandi uppröðun húsgagna er oft hagkvæmt að hanna dagstofu þannig, að húsgögnin raðist L- eða U-laga meðfram veggjum.

1.2 Staðsetning og tengsl


Best er að bein tengsl séu milli dagstofu og svo eldhúss, borðstofu og anddyris. Úr dagstofu eða borðstofu henni tengdri, er æskilegt að hafa tengsl við útirými, sé því við komið (einbýlishús o.fl.). Hægt er að hafa gegnumgang um dagstofu að svefnherbergi foreldra, föndurherbergi eða borðstofu. Það er aftur á móti óheppilegt að gegnumgangur sé um dagstofu í barnaherbergi og á snyrtingu (sjá nánar byggingareglugerð). Í litlum íbúðum er eldhúsið stundum hluti af dagstofu.

1.3 Rýmisþörf

Hér þarf að taka tillit til stærðar húsgagna, göngu- og olnbogarýmis og rýmisþarfar hinna ýmsu athafna, sjá einnig Rb-tækniblað um rýmisþörf húsgagna, Rb (8)-101.

Dagstofa þarf að vera þannig hönnuð, að hún bjóði uppá breytilega uppröðun húsgagna og skipulag. Stærðir þurfa að vera þannig, að auðvelt sé að gera breytingar, einnig m.t.t. þarfa hreyfihamlaðra. Á mynd 1 er sýnt dæmi um dagstofu, sem er tengd borðstofu, og rýmisþörf. Í þessu rými, sem er samverurými fjölskyldunnar, má nefna eftirfarandi húsgögn:

- hægindastóla (sjá mynd 2)
- sófa
- sófaborð
- bókahillu
- matborð og stóla (eða frítt rými)



Mynd 1

Dæmi um uppröðun húsgagna í dagstofu. Meðfram veggjum er reiknað með rými fyrir innstungur og lista.

1.4 Tómsundur og vinnuástaða o.fl.

1.4.1 Sjónvarp

Sjónvarpi má t.d. koma fyrir í bókahillu eða það getur verið frítt standandi. Dýpt (bóka)-hillu fer eftir tegund og stærð tækis. Rýmisþörf við sjónvarp ræðst af fjarlægð milli tækis og áhorfenda ásamt áhorfendafjölda. Við staðsetningu sjónvarps þarf líka að gera ráð fyrir videótæki.

1.4.2.a Ýmislegt, (frítt rými) 3.5 m² rými


Þetta rými býður uppá m.a.:

- píanó o.fl. hljóðfæri
- vinnuborð

1.4.2.b Ýmislegt, (frítt rými) 5 m² rými


Þetta rými býður uppá m.a.:

- matborð fyrir 4 - 6 manns
- vefstól



Mynd 2a

Tveir hægindastólar og hornborð.



Mynd 2b

Setið við arinn, - frítt göngurými framan við arinn a.m.k. 1200 mm.

2 HÖNNUN RÝMIS - STÆRÐIR

Heppilegt telst að hægt sé að raða húsgögnum á ýmsan máta í dagstofum og þær séu sveigjanlegar í notkun.


Til þess að ná þessum markmiðum má breiddin ekki fara undir 3600 mm. Fjarlægð að sjónvarpi frá áhorfenda er 2000 - 4000 mm og það hefur áhrif á notkun rýmisins.

2.1 Dagstofa fyrir 1 - 2 manna íbúð

Í dagstofu af þessari stærð þarf að vera rými fyrir eftirfarandi húsgögn og þá notkun sem þeim tengist:

- þriggja sæta sófa
- sófaborð
- stóran hægindastól
- bókahillu
- rými til notkunar húsgagna og göngurými

Þessum þáttum má koma fyrir á 18 m² (lágmarksstærð á dagstofu samkvæmt byggingareglugerð), sjá mynd 3.



Mynd 3


Dæmi um dagstofu fyrir 1 - 2.

2.2 Dagstofa í 2 - 4 manna íbúð

Í þessari dagstofu þarf að vera rými fyrir eftirfarandi:

- þriggja sæta sófa
- sófaborð
- tvo stóra hægindastóla eða tveggja sæta sófa
- bókahillu
- rými fyrir ýmislegt (frítt rými)
- rými til notkunar húsgagna og göngurými


Þessum þáttum má koma fyrir í einni dagstofu sem er 18 m² - 22 m², sjá mynd 4.



Mynd 4

Dæmi um dagstofu íbúðar sem ætluð er 2 - 4 manna fjölskyldu.

Heppilegri lausn er samt að skipta rýminu í tvennt, þar sem annað er 16 - 21 m² (mynd 5b). Rýmin eru þó samtengd þannig að ákvæðum byggingareglugerðar um lágmarksstærðir er fullnægt.




Mynd 5 b

2.3 Dagstofa í íbúð sem ætluð er 4 - 6 manns
Í þessari dagstofu þarf að vera rými fyrir eftirfarandi:

- þriggja sæta sófa
- tveggja sæta sófa
- tvö sófaborð
- stóran hægindastól
- bókahillur
- rými fyrir ýmislegt (frítt rými)
- rými til notkunar húsgagna og göngurými

Þessum þáttum er hægt að koma fyrir í eina dagstofu sem er 19 - 23 m² að flatarmáli (mynd 5a).



Mynd 5a

Dæmi um dagstofu íbúðar sem ætluð er 4-6 manna fjölskyldu.

3 HLJÓÐEINANGRUN

Hávaði frá dagstofu getur valdið truflun annars staðar í íbúð og ófugt. Heppilegt er því að geta lokað rýmum af, þegar þörf krefur (sjá einnig Rb-tækni-blöð um hljóðtæknimál). Óþægindi af hávaða frá hinum ýmsu rýmum íbúðar má minnka með heppilegu skipulagi og góðri niðurröðun herbergja.

Blað þetta er gert með hliðsjón af RT-tækni-bláði nr. 93-10533 frá Rakennustieto Oy, Helsinki.

Ritvinnsla og umbrot:
Hólmfríður Jóhannesdóttir fulltrúi

4

TIL MINNIS:
